



## Greiðsluafkoma ríkissjóðs janúar - maí 2014

**Greiðsluuppgjör ríkissjóðs** fyrir fyrstu fimm mánuði ársins 2014 liggur nú fyrir og gefur upplýsingar um afkomu ríkissjóðs á grundvelli innheimtra tekna og greiddra gjalda. Handbært fé frá rekstri var jákvætt um 18,2 ma.kr. en var neikvætt um 13,2 ma.kr. á sama tímabili árið 2013. Innheimtar tekjur hækkuðu um 43,6 ma.kr. milli ára en greidd gjöld jukust um 12,9 ma.kr.

*Sjóðstreymi ríkissjóðs janúar - maí 2014 (m.kr.)*

	<u>2010</u>	<u>2011</u>	<u>2012</u>	<u>2013</u>	<u>2014</u>
Innheimtar tekjur	175.092	172.498	205.504	212.628	256.233
Greidd gjöld	212.715	199.639	217.084	228.266	241.187
<b>Tekjujöfnuður</b>	<b>-37.623</b>	<b>-27.141</b>	<b>-11.580</b>	<b>-15.638</b>	<b>15.046</b>
Breyting rekstrartengdra eigna og skulda	4.700	5.471	-3.472	2.478	3.147
<b>Handbært fé frá rekstri</b>	<b>-32.923</b>	<b>-21.670</b>	<b>-15.052</b>	<b>-13.160</b>	<b>18.193</b>
<b>Fjárfestingarhreyfingar</b>	<b>-9.027</b>	<b>56.652</b>	<b>-5.972</b>	<b>-16.366</b>	<b>-11.380</b>
<b>Hreinn lánsfjárfjöfnuður</b>	<b>-41.950</b>	<b>34.982</b>	<b>-21.024</b>	<b>-29.526</b>	<b>6.813</b>
<b>Afborganir lána</b>	<b>-72.037</b>	<b>-71.615</b>	<b>-78.612</b>	<b>-87.119</b>	<b>-51.764</b>
Innanlands	-72.037	-764	-1.502	-84.647	-26.990
Erlendis	0	-70.851	-77.110	-2.471	-24.774
<b>Lánsfjárfjöfnuður brúttó</b>	<b>-113.987</b>	<b>-36.633</b>	<b>-99.636</b>	<b>-116.645</b>	<b>-44.951</b>
<b>Lántökur</b>	<b>89.447</b>	<b>60.508</b>	<b>170.143</b>	<b>63.522</b>	<b>37.601</b>
Innanlands	95.046	47.173	25.166	63.522	37.601
Erlendis	-5.599	13.335	144.977	0	0
<b>Breyting á handbæru fé</b>	<b>-24.540</b>	<b>23.875</b>	<b>70.507</b>	<b>-53.123</b>	<b>-7.350</b>

**Innheimtar tekjur** ríkissjóðs jukust um 20,5% á milli ára og námu 256,2 ma.kr. á fyrstu fimm mánuðum ársins 2014. Jákvætt frávík frá áætlun fjárlaga þessa árs nemur 33,5 ma.kr., en séu óreglulegir liðir<sup>1</sup> og tekjur af arði undanskildar eru tekjurnar 8,0 ma.kr. eða tæp 4% yfir áætlun.

Skatttekjur og tryggingagjöld jukust um 11,5% á milli ára og námu 213,7 ma.kr. sem er 15,4 ma.kr. eða 7,8% yfir áætlun. Af 91,7 ma.kr. skatttekjum á tekjur og hagnað nam tekjuskattur einstaklinga 51,8 ma.kr. og tekjuskattur lögaðila 16,2 ma.kr. Tekjuskattar eru samtals 7,5 ma.kr. yfir áætlun sem skýrist að miklu leyti af svokallaðri eftirstöðvinnheimtu tekjuskatts lögaðila frá síðustu árum. Einnig hefur það gefið meiri tekjur af tekjuskatti einstaklinga að úttekt séreignarsparnaðar á þessu ári hefur verið meiri en reiknað var með.

Innheimtar tekjur af fjármagnstekjuskatti námu 23,7 ma.kr. sem er 31,2% aukning frá því í fyrra. Þar af nam fjármagnstekjuskattur sem ríkissjóður greiðir sjálfur 6,0 ma.kr. en sá hluti flokkast sem óreglulegur tekjuliður og hefur engin áhrif á afkomu ríkissjóðs þar

<sup>1</sup> Óreglulegir liðir eru fjármagnstekjuskattur sem ríkissjóður greiðir sjálfur og tekjur af sölu eigna og söluhagnaði.



sem sama fjárhæð færast á gjaldahlið. Frávik fjármagnstekjuskatts án þess hluta sem greiddur er af ríkissjóði nam 0,9 ma.kr. eða 5,3% á tímabilinu. Staða á innheimtu fjármagnstekjuskatts er því góð en vert er að hafa í huga að endurgreiðslan til lögaðila á eftir að eiga sér stað við endanlega álagningu opinberra gjalda í haust.

### Tekjur ríkissjóðs janúar-maí 2012-2014

	Milljónir króna			Breyting frá fyrra ári, %		
	2012	2013	2014	2012	2013	2014
<b>Skatttekjur og tryggingagjöld</b>	<b>185.959</b>	<b>191.750</b>	<b>213.746</b>	<b>16,3</b>	<b>3,1</b>	<b>11,5</b>
<b>Skattar á tekjur og hagnað</b>	<b>73.264</b>	<b>77.152</b>	<b>91.715</b>	<b>13,4</b>	<b>5,3</b>	<b>18,9</b>
Tekjuskattur einstaklinga	44.842	47.871	51.818	19,1	6,8	8,2
Tekjuskattur lögaðila	13.173	11.236	16.217	125,0	-14,7	44,3
Skattur á fjármagnstekjur	15.249	18.045	23.680	-27,6	18,3	31,2
<b>Eignarskattar</b>	<b>5.137</b>	<b>4.516</b>	<b>4.444</b>	<b>187,6</b>	<b>-12,1</b>	<b>-1,6</b>
<b>Skattar á vöru og þjónustu</b>	<b>75.942</b>	<b>77.416</b>	<b>83.269</b>	<b>18,7</b>	<b>1,9</b>	<b>7,6</b>
Virðisaukaskattur	48.127	48.820	54.190	18,6	1,4	11,0
Vörugjöld af ökutækjum	1.622	1.787	1.835	71,5	10,2	2,7
Vörugjöld af bensíni	4.569	4.455	4.417	6,0	-2,5	-0,9
Skattar á olíu	2.518	2.522	2.663	8,9	0,1	5,6
Áfengisgjald og tóbaksgjald	6.163	6.446	6.866	10,6	4,6	6,5
Aðrir skattar á vöru og þjónustu	12.943	13.386	13.298	25,9	3,4	-0,7
<b>Tollar og aðflutningsgjöld</b>	<b>2.702</b>	<b>2.307</b>	<b>2.184</b>	<b>8,3</b>	<b>-14,6</b>	<b>-5,3</b>
<b>Aðrir skattar</b>	<b>2.466</b>	<b>3.088</b>	<b>3.251</b>	<b>61,6</b>	<b>25,2</b>	<b>5,3</b>
<b>Tryggingagjöld</b>	<b>26.449</b>	<b>27.271</b>	<b>28.883</b>	<b>3,9</b>	<b>3,1</b>	<b>5,9</b>
<b>Fjárframlög</b>	<b>65</b>	<b>68</b>	<b>71</b>	<b>-82,6</b>	<b>4,5</b>	<b>4,2</b>
<b>Aðrar tekjur</b>	<b>18.275</b>	<b>20.347</b>	<b>41.090</b>	<b>48,2</b>	<b>11,3</b>	<b>102,0</b>
<b>Sala eigna</b>	<b>1.206</b>	<b>463</b>	<b>1.326</b>	-	-	-
<b>Tekjur alls</b>	<b>205.504</b>	<b>212.628</b>	<b>256.233</b>	<b>19,0</b>	<b>3,5</b>	<b>20,5</b>

Tekjur af eignarsköttum námu 4,4 ma.kr. tímabilið janúar-maí sem er samdráttur upp á 1,6% á milli ára og 2,1% undir tekjuáætlun fjárlaga. Auðlegðarskattur er 11,9% yfir áætlun og nam 2,2 ma.kr. á tímabilinu sem er aukning um 16,4% á milli ára. Stimpilgjöld drögust saman um 19,3% á milli ára og námu 1,3 ma.kr. sem er 0,4 ma.kr. undir áætlun. Erfðafjárskattur nam 0,8 ma.kr. sem er á áætlun og aukning um 8,1% á milli ára.

Skattar á vöru og þjónustu jukust um 7,6% á milli ára og námu þeir samtals 83,3 ma.kr. sem er 1,1 ma.kr. yfir áætlun fjárlaga. Virðisaukaskattur, sem vegur mest í þessum flokki skatta, nam 54,2 ma.kr. sem er 1,9 ma.kr. yfir áætlun fyrir tímabilið og var aukning hans á milli ára 11%. Er þetta jákvæð breyting frá því í fyrra, þegar virðisaukaskattur reyndist heldur ofmetinn í áætlunum yfir allt árið. Einkaneysla hefur reynst sterkari á fyrsta ársfjórðungi en efnahagsspár gerðu almennt ráð fyrir, sem skýrir hið jákvæða frávik að einhverju leyti.

Almenn vörugjöld eru 0,4 ma.kr. undir áætlun fyrir tímabilið og námu 2,2 ma.kr. sem er samdráttur um 3,3% frá sama tíma í fyrra. Vörugjöld af ökutækjum námu 1,8 ma.kr. og vörugjöld af bensíni 4,4 ma.kr. en bæði eru undir áætlun á fyrstu fimm mánuðum ársins.



Oflugjaldið er 7,7% yfir áætlun og skilaði 2,7 ma.kr. sem er aukning um tæplega 6% á milli ára. Kolefnisgjaldið, sem er 0,2 ma.kr. undir áætlun, skilaði 1,2 ma.kr. sem er samdráttur um 3,3% á milli ára. Bifreiðagjaldið er 5% undir áætlun og nam 3,2 ma.kr. á tímabilinu. Svo virðist því sem áætlun fjárlaga hafi vanmetið áhrif þess hve miklu munar á bensineyðslu og koltvísyringslosun nýrra bifreiða og þess bílafloata sem fyrir er. Kemur vanmatið fram því að vörugjöld á ökutæki og bifreiðagjald, sem lögð eru á koltvísyringslosun bifreiðarinnar, skila heldur minni tekjum en ráðgert var.

Áfengisgjaldið skilaði 4,4 ma.kr. sem er 1,8% yfir áætlun og 6,7% aukning frá því í fyrra. Tóbaksgjaldið jókst um 6,2% á milli ára og nam 2,4 ma.kr. sem er 4,3% yfir áætlun. Sala áfengis tímabilið janúar-maí, mælt í vínanda allra tegunda samanlagt, jókst aðeins á milli ára eða um tæp 3%. Tóbakssala tímabilsins jókst um 6% að magninu til milli ára sem er talsvert umfram áætlun.

Tollar og aðflutningsgjöld námu 2,2 ma.kr. sem er 0,6 ma.kr. meira en gert hafði verið ráð fyrir en samdráttur um 5,3% á milli ára. Samdrátturinn skýrist alfarið af brottfalli fóðurgjalda, sem reiknað var með í áætlun.

Aðrir skattar námu 3,3 ma.kr. tímabilið janúar-maí sem er aukning um 5,3% á milli ára. Þar af námu gjald í Framkvæmdasjóð aldaraðra og útvarpsgjald samtals 0,2 ma.kr. Fjársluskattur nam 1,4 ma.kr. sem er 17% yfir áætlun.

Tekjur af tryggingagjöldum námu 28,9 ma.kr. á tímabilinu sem er 2,1% yfir áætlun og 5,9% aukning frá því í fyrra. Almenna tryggingagjaldið nam 18,5 ma.kr. en atvinnuþryggingagjaldið nam 7,5 ma.kr.

Aðrar tekjur en skatttekjur eru langt yfir áætlun og er frávikið 17,4 ma.kr. fyrir tímabilið janúar-maí en tekjurnar námu samtals 41,1 ma.kr. Arður frá Landsbankanum sem greiddur var í mars skýrir frávikið en hann nam 19,7 ma.kr. Veiðigjaldið skilaði 3,3 ma.kr. og er frávik þess miðað við áætlun enn neikvætt síðan í janúar, sem nemur um 14%. Þar af nam almenna veiðigjaldið 1,9 ma.kr. og það sérstaka 1,4 ma.kr. Líklegt er að um hliðrun milli mánaða sé að ræða miðað við upphaflega mánaðadreifingu og að frávik í veiðigjaldi muni fara minnkandi þegar líður á árið.

**Greidd gjöld** námu 241,2 ma.kr. og jukust eins og áður segir um 12,9 ma.kr. frá fyrra ári, eða um rúm 5% sem er heldur meira en gert hafði verið ráð fyrir. Útgjöld til einstakra málaflokka breyttust mismikið milli ára, en frekari greiningu á frávikum hvers málaflokks er að finna hér að neðan. Athuga skal að þegar fjallað er um áætlun er átt við þann hluta fjárheimildar ársins sem áætlanir ráðuneyta og stofnana gerðu ráð fyrir að tilheyrði þessum fimm mánuðum ársins.

**Gjöld ríkissjóðs janúar – maí 2012-2014**

	2014	2013	Áætlun	Br. frá 2012	Br. frá áætlun
<i>Æðsta stjórnarsýsla og löggjafarvald</i>	1.690	1.585	1.569	6,6	7,7
<i>Fjármálastjórnarsýsla ríkisins</i>	4.088	3.950	4.151	3,5	-1,5
<i>Utanríkismál</i>	4.716	4.101	5.153	15,0	-8,5
<i>Önnur almenn opinber þjónusta</i>	3.717	3.818	3.140	-2,6	18,4
<i>Fjármagnskostnaður</i>	33.114	33.189	32.161	-0,2	3,0
<i>Almenn fjárframlög til sveitarfélaga</i>	6.850	6.902	6.850	-0,8	0,0
<b>Almenn opinber þjónusta</b>	<b>54.174</b>	<b>53.545</b>	<b>53.024</b>	<b>1,2</b>	<b>2,2</b>



<b>Lög- og réttargæsla</b>	<b>8.797</b>	<b>9.041</b>	<b>8.734</b>	<b>-2,7</b>	<b>0,7</b>
<i>Almenn atvinnumál og markaðseftirlit</i>	2.789	2.592	2.599	7,6	7,3
<i>Landbúnaðarmál</i>	5.752	6.017	5.839	-4,4	-1,5
<i>Samgöngumál</i>	8.762	6.308	7.193	38,9	21,8
<i>Rannsóknir og þróun í efnahags- og atv.málum</i>	2.012	1.728	2.260	16,4	-11,0
<i>Önnur efnahags- og atvinnumál</i>	4.089	3.728	4.516	9,7	-9,5
<b>Efnahags- og atvinnumál</b>	<b>23.403</b>	<b>20.373</b>	<b>22.407</b>	<b>14,9</b>	<b>4,4</b>
<i>Lyf og lækningavörur</i>	8.122	7.984	7.436	1,7	9,2
<i>Heilsugæsla</i>	11.129	10.364	11.226	7,4	-0,9
<i>Sjúkrahúspjónusta</i>	24.075	22.719	23.235	6,0	3,6
<i>Hjúkrunar- og endurhæfingarstofnanir</i>	10.995	10.197	11.562	7,8	-4,9
<i>Heilbrigðiseftirlit og stjórnsýsla</i>	1.737	1.699	1.727	2,3	0,6
<b>Heilbrigðismál</b>	<b>56.059</b>	<b>52.963</b>	<b>55.185</b>	<b>5,8</b>	<b>1,6</b>
<i>Menningarmál</i>	3.711	3.842	3.842	-3,4	-3,4
<i>Íþróttir, fjölmiðlun, félags- og trúmál</i>	4.287	4.040	4.244	6,1	1,0
<b>Menningar- og félagsmál</b>	<b>7.998</b>	<b>7.882</b>	<b>8.086</b>	<b>1,5</b>	<b>-1,1</b>
<i>Framhaldsskólastig</i>	8.383	8.493	8.864	-1,3	-5,4
<i>Háskólastig</i>	15.379	15.367	15.728	0,1	-2,2
<i>Önnur menntamál</i>	1.831	1.784	2.338	2,7	-21,7
<b>Menntamál</b>	<b>25.593</b>	<b>25.643</b>	<b>26.930</b>	<b>-0,2</b>	<b>-5,0</b>
<i>Örorka og fötlun</i>	13.646	12.529	13.738	8,9	-0,7
<i>Öldrun</i>	19.240	16.790	19.267	14,6	-0,1
<i>Fjölskyldur og börn</i>	9.954	10.459	10.581	-4,8	-5,9
<i>Atvinnuleysi</i>	6.637	8.221	6.832	-19,3	-2,9
<i>Vaxtabætur</i>	339	205	750	65,8	-54,8
<i>Önnur trygginga- og velferðarmál</i>	3.172	3.185	3.243	-0,4	-2,2
<b>Almannatryggingar og velferðarmál</b>	<b>52.988</b>	<b>51.388</b>	<b>54.410</b>	<b>3,1</b>	<b>-2,6</b>
<i>Lífeyrisskildbindingar, eftirlaun</i>	4.307	4.164	3.034	3,4	42,0
<i>Fjármagnstekjuskattur</i>	5.153	626	1.775	723,2	190,4
<i>Annað</i>	2.713	2.642	2.788	2,7	-2,7
<b>Önnur útgjöld</b>	<b>12.174</b>	<b>7.432</b>	<b>7.596</b>	<b>63,8</b>	<b>60,3</b>
<b>Gjöld alls</b>	<b>241.187</b>	<b>228.266</b>	<b>236.373</b>	<b>-5,4</b>	<b>3,6</b>

Útgjöld til almennrar þjónustu námu samtals 54,2 ma.kr. á fyrstu fimm mánuðum ársins samanborið við 53,5 ma.kr. á síðasta ári sem er lítillega umfram það sem gert hafði verið ráð fyrir. Fjármagnskostnaður ríkissjóðs skýrir stærstan hluta þessara útgjalda eða rúmlega 60%, en hann nam um 33,1 ma.kr. og var svipaður og á fyrra ári en um 1 ma.kr. umfram það sem gert hafði verið ráð fyrir. Útgjöld vegna utanríkismála námu 4,7 ma.kr. samanborið við 4,1 ma.kr. á fyrra ári sem er minna en gert hafði verið ráð fyrir. Af þessum útgjöldum námu útgjöld sendiráða Íslands 1,3 ma.kr. og útgjöld vegna alþjóðastofnana 1,4 ma.kr. Almenn framlög til sveitarfélaga í gegnum Jöfnunarsjóð sveitarfélaga námu 6,9 ma.kr. á tímabilinu og voru svipuð og á fyrra ári eins og gert hafði verið ráð fyrir. Útgjöld vegna fjármálastjórnsýslu ríkisins voru í samræmi við áætlanir og námu 4,1 ma.kr. þar sem mest munaði um útgjöld Ríkisskattstjóra sem námu 1,2 ma.kr., útgjöld Tollstjóra sem námu rúmum 1 ma.kr. og útgjöld Fjárslu



ríkisins sem námu 706 m.kr. Útgjöld til annarra liða sem falla undir almenna opinbera þjónustu námu um 5,4 ma.kr. og voru svipuð og á fyrra ári.

Útgjöld til lög- og réttargæslu námu um 8,8 ma.kr. sem er lítillega minna en á fyrra ári en í samræmi við það sem gert var ráð fyrir. Stærstu útgjaldapættirnir eru útgjöld Lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu sem námu 1,6 ma.kr. sem er lítillega umfram það sem gert hafði verið ráð fyrir og útgjöld Landhelgisgæslu Íslands sem voru 1,4 ma.kr. sem dragast saman um rúmar 260 m.kr. milli ára. Þá námu útgjöld Ríkislögreglustjóra 660 m.kr. á tímabilinu sem er lítillega umfram það sem gert hafði verið ráð fyrir, útgjöld sýslumannsembætta 1,4 ma.kr., útgjöld héraðsdómstóla 585 m.kr., útgjöld Fangelsismálastofnunar 571 m.kr og útgjöld vegna framkvæmda við fangelsisbyggingar 322 m.kr.

Útgjöld til efnahags- og atvinnumála jukust um rúma 3 ma.kr. á milli ára og námu 23,4 ma.kr. á þessum fyrstu fimm mánuðum ársins sem er umfram það sem gert hafði verið ráð fyrir og skýrist að mestu með annarri raundreifingu útgjalda en gert hafði verið ráð fyrir. Stærstu útgjaldaliðir þessa flokks eru útgjöld vegna samgöngumála sem námu 8,8 ma.kr. samanborið við 6,3 ma.kr. á fyrra ári. Framkvæmdir Vegagerðarinnar skýra þetta að stærstum hluta en útgjöld Vegagerðarinnar námu 7,1 ma.kr. á tímabilinu. Útgjöld vegna landbúnaðarmála námu 5,8 ma.kr. þar sem mest munar um greiðslur vegna landbúnaðarframleiðslu sem námu um 4,8 ma.kr. Útgjöld vegna almennra atvinnumála og markaðseftirlits námu 2,8 ma.kr. þar sem munar mest um útgjöld Fjármálaeftirlitsins sem námu 732 m.kr. og útgjöld Veðurstofunnar sem námu 518 m.kr. Útgjöld vegna rannsókna og þróunar í efnahags- og atvinnumálum námu rúmum 2 ma.kr. þar sem mest munar um útgjöld Hafrannsóknastofnunar upp á 553 m.kr., útgjöld vegna matvælarannsókna 365 m.kr. og útgjöld Tækniþróunarsjóðs 463 m.kr. Þá námu útgjöld vegna annarra efnahags- og atvinnumála 4,1 ma.kr. þar sem endurgreiðslur vegna kvikmyndagerðar á Íslandi námu 598 m.kr. og niðurgreiðslur á húshitun 530 m.kr.

Útgjöld til heilbrigðismála námu 56,1 ma.kr. og jukust um 3,1 ma.kr. milli ára. sem er lítillega umfram það sem gert var ráð fyrir. Útgjöld vegna lyfja og lækningavara námu 8,1 ma.kr. samanborið við tæpa 8 ma.kr. 2013 sem er nokkuð umfram það sem gert hafði verið ráð fyrir og skýrist alfarið með halla á þeim rekstri Sjúkratrygginga sem snýr að lyfjakaupum. Útgjöld vegna heilsugæslu námu 11,1 ma.kr. samanborið við 10,4 ma.kr. 2013 sem er að mestu í samræmi við áætlanir. Greiðslur Sjúkratrygginga vegna heilsugæsluþjónustu námu 5,3 ma.kr. og útgjöld Heilsugæslu á höfuðborgarsvæðinu námu um 2 ma.kr. Útgjöld vegna sjúkráðsþjónustu námu 24,1 ma.kr. samanborið við 22,7 ma.kr. 2013 og er þetta að mestu í samræmi við það sem gert hafði verið ráð fyrir. Langstærstur hluti þessara útgjalda skýrist með útgjöldum Landspítala sem námu 17,8 ma.kr. en útgjöld Sjúkrahússins á Akureyri námu 2,3 ma.kr. og annarra heilbrigðisstofnana 3,2 ma.kr. Útgjöld vegna hjúkrunar- og endurhæfingarstofnana námu tæpum 11 ma.kr. og jukust um 798 m.kr. milli ára. sem er nokkru minna en gert hafði verið ráð fyrir. Þá námu útgjöld vegna heilbrigðiseftirlits og stjórnáslu rúmum 1,7 ma.kr. á tímabilinu sem er svipað og á fyrra ári. Í heild námu útgjöld vegna sjúkratrygginga 14,4 ma.kr. á tímabilinu, jukust um tæpan 1 ma.kr. milli ára og voru 1,7 ma.kr. umfram það sem gert hafði verið ráð fyrir.



Útgjöld til menningar- og félagsmála námu tæpum 8 ma.kr. á tímabilinu og jukust lítillega milli ára en voru svipuð og gert hafði verið ráð fyrir. Útgjöld til menningarmála skýra 3,7 ma.kr. þar sem mest munar um rekstur Landsbókasafns-Háskólabókasafns sem námu 542 m.kr., framlög til lista sem námu 474 m.kr. útgjöld vegna Þjóðleikhússins sem námu 347 m.kr. og útgjöld vegna Sinfóníuhljómsveitar Íslands sem námu 385 m.kr. Útgjöld vegna íþróttar, fjölmiðlunar, félags- og trúmála námu 4,3 ma.kr. þar sem helstu útgjaldapættir eru Ríkisútvarpið 1,4 ma.kr. og útgjöld til kirkju- og sóknamála samtals um 2,3 ma.kr.

Útgjöld til menntamála námu 25,6 ma.kr. á fyrstu fimm mánuðum ársins og voru svipuð og á árinu 2013 en heldur lægri en gert hafði verið ráð fyrir. Útgjöld vegna framhaldsskólastigs námu 8,4 ma.kr. og voru nokkuð lægri en gert hafði verið ráð fyrir sem skýrist að mestu með lægri launaútgjöldum vegna verkfalls framhaldsskólakennara á tímabilinu. Útgjöld vegna háskólastigs námu 15,4 ma.kr. sem var lítillega innan þess sem gert hafði verið ráð fyrir. Útgjöld Háskóla Íslands námu 5,1 ma.kr. á tímabilinu og útgjöld Lánasjóðs íslenskra námsmanna 7,9 ma.kr. Þá námu útgjöld vegna Háskólans í Reykjavík 932 m.kr og Háskólans á Akureyri 629 m.kr. Útgjöld vegna annarra menntamála námu 1,8 ma.kr. þar sem mest munar um útgjöld vegna símenntunar og fjarkennslu upp á 522 m.kr. og útgjöld vegna jöfnunar á námskostnaði að upphæð 300 m.kr.

Útgjöld vegna almannatrygginga og velferðarmála námu tæpum 53 ma.kr. á tímabilinu og jukust um 1,6 ma.kr. milli ára. Undir þennan flokk falla stórir bóталиðir og skýra þeir langstærstan hluta útgjaldanna. Útgjöld vegna örorku- og fötlunarmála námu 13,6 ma.kr. þar sem mest munar um hlutdeild lífeyristrygginga í þessum málaflokki sem námu 11,4 ma.kr. á tímabilinu. Útgjöld vegna öldrunarmála námu 19,2 ma.kr. og aftur skýrir hlutdeild lífeyristrygginga stærstan hluta og námu slík útgjöld um 15,4 ma.kr. og bætur samkvæmt lögum um félagslega aðstoð um 2,8 ma.kr. Útgjöld vegna fjölskyldu- og barnamála námu tæpum 10 ma.kr. þar sem barnabætur upp á 4,8 ma.kr. og útgjöld vegna Fæðingarorlofs upp á 3,5 ma.kr. skýra stærstan hluta útgjalda. Útgjöld vegna atvinnuleysis námu 6,6 ma.kr. samanborið við 8,2 ma.kr. á sama tímabili í fyrra og eru því að dragast verulega saman milli ára sem er í samræmi við það sem gert hafði verið ráð fyrir. Greiddar vaxtabætur námu rúmum 300 m.kr. á tímabilinu sem er nokkuð minna en gert hafði verið ráð fyrir. Önnur trygginga- og velferðarmál námu 3,2 ma.kr. útgjöldum á tímabilinu sem er svipað og gert hafði verið ráð fyrir. Í heild námu útgjöld vegna lífeyristrygginga 28,5 ma.kr. og bætur samkvæmt lögum um félagslega aðstoð 5,5 ma.kr.

Önnur útgjöld námu 12,2 ma.kr. samanborið við 7,4 ma.kr. á sama tímabili í fyrra. Útgjöld vegna lífeyrisskuldbindinga og eftirlauna námu 4,3 ma.kr. sem er 1,3 ma.kr. hærra en áætlanir gerðu ráð fyrir. Greiddur fjármagnstekjuskattur nam 5,2 ma.kr. á tímabilinu og jókst verulega milli ára og var jafnframt vel umfram það sem gert hafði verið ráð fyrir. Þessar greiðslur renna hins vegar í ríkissjóð og því er sambærilegt jákvætt frávik á tekjuhlíð og því engin nettó áhrif á afkomu ríkissjóð. Þá námu útgjöld vegna umhverfisverndar 1,9 ma.kr., útgjöld vegna varnarmála 406 m.kr. og útgjöld til húsnæðis- skipulags- og veitumála 362 m.kr.

## Lánsfjárfjöfnuður ríkissjóðs



Hreinn lánsfjárjöfnuður ársins var jákvæður um 6,8 ma.kr. en á sama tíma í fyrra var hann neikvæður um 29,5 ma.kr. Brúttó var lánsfjárjöfnuðurinn neikvæður um 45,0 ma.kr. samanborið við 116,6 ma.kr. 2013.

Afborganir og uppgreiðslur á lánum námu 51,8 ma.kr. þar sem afborganir af innlendum lánum ríkissjóðs námu 27,0 ma.kr. og af erlendum lánum 24,8 ma.kr.

Heildarlántökur á tímabilinu námu 37,6 ma.kr. sem skýrast alfarið af innlendum lántökum. Handbært fé ríkissjóðs lækkaði um 23,3 ma.kr. á tímabilinu.